# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 22


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fátækranefndafundur
11 maí 1920.—

1. Styrkbeiðni Moritz Biering. —
2. Húsaleiga fyrir Odd Oddsson. —
3. Ráðstöfun á Helgu Guðmundsdóttur. —
4. Ráðstöfun á Agli Guðnasyni, Bjarnab.
5. Do á Valgerði Sigurlínu Bjarnadóttur (hjá Þórði Sigurðss.)
6. Björn Hieronymusson segir móður sína til sveitar. —
7. Styrkveiting Valgerðar Jónsdóttur Bræðraborgarstíg 24. —
8. Um hækkun á styrk Halldórs Jónssonar (og Kristbjargar Þórðardóttur.)
9. + Ráðstöfun á Jóni Jónssyni Hvammi komið fyrir til bráðabirgða ~~hjá~~ — í sama húsi og Sigbjörn átti heima ~~Helga Jónssyni, Suðurgötu 16.~~ — ~~fyrir 20 kr. á mánuði~~ / —
10. Ráðstöfun á heimili Jóns í Sundi
11 Do á barni Guðrúnar Jónsd.
~~12. Beiðni jarðar f...~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verte

+12. Styrkveiting Valg. Jónsd., Bræðrab.stíg 4, sveitl. í Kjalarneshr., 10 krónur —

+13. Styrkur Páls Guðmundss., Lindarg. 45, sveitl. í Kleifarhreppi, 20 krónur

+14. Styrkur Valg. Jónsdóttur, Bræðrabstíg 24 sveitl. í Keflavíkurhreppi, 20 krónur —

+15. Styrkur Kristins Þorkelssonar — legukostn. konu hans Kristínar Tómasd., kr. 66.00 —

16. Húsaleiga frá Herm. Ólafssyni. —

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. marz 1910. –

Hjer með jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| \ Eiríkur Jónsson Geysir | 50 " |
| Guðjón Jónsson Grettisgötu | 17 " |
| \ Gísli Kristjánsson Lgv 32 | 18 oo |
| \ Ingibjörg Vigfúsdóttir Kl.stig 14 | 10 |
| \ Jón Jónsson Sundi | 35, oo |
| \ Knud Jensen | 3, 54 |
| \ Magnús Símonarson Kl.stig 14 | 10. oo |
| \ Þórður Sigurðsson Gr.götu 6 | 20. oo |
| | 163, 54 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að sjúklingurinn Halldór Jónsson á Spítalastíg 4 sem jeg hef verið bústýra hjá í síðastliðin 30 ár, hefir undanfarin 8 ár verið mjög veikur, og allan þann tíma notið sveitarstyrks, og nú rúm 2 ár 20 krónur á mánuði, eptir að veiki hans magnaðist svo að hann alls ekki hefir getað klæðst, er nú orðinn svo þungt haldinn <u>í köstum</u> að eigi er vogandi að fara frá honum eða láta hann neinn tíma vera einann, þá getum við ekki lengur komist af með þær 20 kr. á mánuði sem við hingað til höfum fengið af fátækrasjóði til að framdraga líf okkar á, og leyfum okkur því auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að hækka framanefndan fátækrastyrk um 6 krónur á mánuði frá byrjun þessa mánaðar og framvegis, því með minni hjálp getum við ekki komist af, þar sem jeg undirskrifuð, sem er á áttræðisaldri (á 74. ári) eigi get unnið neitt okkur til lífsbjargar, vegna þess að jeg sífellt verð að annast þennan auma sjúkling og má aldrei frá honum fara; svo jeg, - þó kraptar mínir sjeu farnir að bila - gæti unnið eitthvert ljett verk úti við, er mjer það af ofangreindum ástæðum ekki mögulegt.

Ennfremur leyfi jeg mjer hjer með að láta fylgja kirkjugjaldsseðil sem okkur hefir nýlega verið sendur frá sóknarnefnd-

F. Rch. 40/[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inni, hljóðandi uppá 4 kr 20 a, sem við alls ekki getum borgað, en felum hinni háttvirtu fátækrastjórn að annast um hvort borgað verði af fátækrasjóði.

Spítalastíg 4 í Reykjavík, 6. maí 1910.

Auðmjúklegast.

Þjóðbjörg Þórðardóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður leyfi mér að leitast fyrir hjá fátækranefnd Reykjavíkur um það hvort hún ekki vilji upp frá þessum degi taka að sér að borga mér húsaleigu fyrir Odd Oddsson, sem býr og búið hefur í kjallara húss míns, 4,50 - fjórar krónur og 50 aura - um mánuðinn með vatnsskatti.

Þess skal getið að Oddur, er svo mjög farinn að heilsu, að hann getur ekki álitist verkfær maður, og eg fyrir mitt leiti, get ekki látið hann hafa húsnæði lengur, nema gegn tryggingu fátækranefndarinnar fyrir borgun leigunnar.

Svar óska eg að fá sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Reykjavík 16. April 1910

Sig Jónsson. Grettisgötu 54

Á. Rvk. 21/1910

Til

fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heirdrada fatækranefnd Reykjavikurbæjar
hjermed læt jeg ydur vita
ad gamalmennid Sigurd Þorkellsson
sem hjá mjer er held jeg ekki nema
til 30 þ. m. og verdur nefndin því
ad hafa radstafad Sigurdi fyrir þanntíma

Virdingarfyllst

6 april 1910

Bjarni Magnússon
Laugaveg 18

Til
fatækranefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 12/4 1910.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Barnið verð aukinn með Fríslund

Öndir ritud til hinnir
Hinni heidrudu fátæklanefnd
að tíminn sem eg lofadi að halda
Barnið Gudmund Þorstein
Konráðson var úti síðasta vetrar
dag en Módir barnsins óskadi að eg
hjeldi Barnið þangað til að hún kjæmi
úr Betrunar húsinu svo var lofað
að framm lengja tímann þar til hún
og Barnið ixdi flutt í burtu en mjer
datt síst í hug að það dræist svona
lengi nú er eg ráðinn í kaupa vinn
og verð sótt á annan í Hvít sunnu
*ívor og Sumar*
og er nú að flytja burtu þaðan sem eg
er nu og hef einsog vanalegt er mjög
mikið að gjöra að eg er í vandrædum
að gjöra það alt á svona stuttum
tíma þess vegna er eg neidd til að
bidja hina Heidrudu nefnd að taka
við barni það allra allra firsta sje það
ekki gjört þá mundi ég [illegible] flytja

B. Rvk. 13/1910.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barnið til ykkar, nýer fyrst Móðir
inni vari skildast að hafa fyrir
Börnunum þartil hún fer og hún mun
ekki gjöra annað þarfara, Eg treisti
því að línur þessar verði hiklaust
teknar til greina

Virðingarfylst

Þórey Árnadóttir

Hlíð

Reykjavík. 10.5 1910

P.S. Ef Barnið hefði ekki átta fara
burt úr vík þá hefði eg gjarnan viljað
halda Barnið og skolgjöra það ef hann ekki
fer úr vík ef eg gæti fengið að vita það í
tíma

Virðingarfylst

Þ.Á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MATTH. EINARSSON
LÆKNIR
Laugaveg 30 A — Heima kl. 1—2 síðd.

Konan Júlíana Jónsdóttir Njálsgötu 40 B hefur um langa tíð verið veikluð og má ekki við nema sem minnstri áreynslu, sjerstaklega þjáist hún af æðahnútum á fótunum og þoli því illa stigagang.

Rvík 3/5 – 1910

Matth Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Matthias Einarsson
— læknir —

Pálína Pálsdóttir
Bergstaðastíg 31
þarf að leggjast á
spítala.

Reykjavík 8/4-1910

MattEinarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 22. marz, 1910.

Njálsgötu 39.

Þórunn Magnúsdóttir hér úr bæ fór til Englands í september í fyrra. Dóttir hennar og Péturs Lüders, Hansína Inga varð eftir hjá mér, og hafði hún verið hjá mér áður, og vonti eg, að hún myndi borga með dóttur sinni að sínum hluta, eins og áður. En – nú hefir ekki neinum orðið á, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli mín í bréfum til hennar.

Þess vegna snýj eg mér nú til hinnar heiðruðu fátækrastjórnar Rvíkur og læt hana vita, að eg ástæðna minna vegna get ekki haft barnið lengur, nema mér greiðist jafnmikið úr bæjarsjóði með henni (fyrir hönd móðurinnar) eins og mér nú greiðist fyrir hönd föðursins.

Virðingarfylst

Ástríður Hannesdóttir.

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur.

f. Rvk. 4/4 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að jeg nú er algjörlega bjargþrota fyrir mig og 3 börn mín, sem hjá mjer eru, á 1. 2. og 5 ára gömlu - eitt þeirra alltaf veikt - neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn nú þegar að veita mjer góða og fljóta hjálp af fátækrasjóði. Í síðastliðnum desember, janúar, og febrúar fjekk jeg nokkra hjálp af fátækrasjóði; en frá byrjun þessa mánaðar hefi jeg ekkert fengið, og því hefi jeg og börn mín þennan tíma liðið sára neyð af bjargarskorti, sem hefði orðið okkur að fjörlesti ef góðviljað fólk eigi hefði af meðaumkun sinni rjett mjer dálitla hjálparhönd. — Til þess að jeg geti komist neyðarlítið af framvegis frá þessum tíma, hlýt jeg að biðja þess að mjer frá byrjun þessa mánaðar verði veittar af fátækrasjóði 30 kr á mánuði fyrst um sinn, þangað til maður minn, Eiríkur Jónsson (frá Laugagerði), sem er háseti í ensku botnvörpuskipi, kemur hingað til Reykjavíkur, sem jeg, eptir brjefi, sem hann nýlega hefir skrifað mjer, vona að verði áður en mjög langt um líður, og þá vona jeg líka að eitthvað kunni rætast úr núverandi bágindaástandi mínu. Að jeg nú ekki get komizt af með minni hjálp en 30 kr á mánuði stafar meðfram af því, að jeg verð að borga 18 kr. á hverjum

L. Rek. 15/4 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánuði, og ef jeg ekki get greitt það skilvíslega í lok hvers mánaðar, hótar húseigandinn að láta bera mig og börn mín og heilsulitla vinnukonu, sem hjá mjer er, út á götu; yrði jeg þá húsnæðislaus á vonarvöl þangað til næstkomandi 14. maí. En þá hefi jeg fengið loforð fyrir húsnæði fyrir 10 kr. á mánuði, en þangað til er jeg neydd til að una við það húsnæði sem jeg nú hefi þó það sje bæði illt og dýrt.

Jeg dyrfist auðmjúklega að treysta því og vonta að hin háttvirta fátækrastjórn rjetti mjer sem allra fyrst hjálparhönd sína og hinn umbeðna styrk í mínum núverandi bágindum.

Skólavörðustíg 12 – Geysi – í Reykjavík, 21. marz 1910.

Auðmjúklegast.

Júlía Árnadóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til stabskapteins **S. Grauslund,** Reykjavík.

Meðfylgjandi fjárhæð er gjöf til sjálfsneitunarsjóðs Hjálpræðishersins.

Kr.

Nafn ..................................................

Kr. Heimili ..................................................

NB. Beðið er þess, að eyðublað þetta sé afhent með gjöfinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur